



## Stjórnarfundur AKÍS

**Staður og tími:** Google Hangouts - 11. ágúst 2015 kl. 18:00

### Mætt:

Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Þórður Bragason (PB), Þrándur Arnþórsson (PA), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Brynjar Gauti Schiöth (BGS), Guðbergur Reynisson (GR)

### Fjarverandi:

Gunnar Bjarnason (GB), Ragnar Róbertsson (RR), Ari Jóhannsson (AJ), Einar Gunnlaugsson (EG)

PA ritaði fundargerð.

---

### 1. Styrkumsóknir til FIA

Samþykkt að sótt verði um aðstoð til að taka út akstursíþróttabrautir þær sem eru þegar komnar og væntanlegar á næstu árum.

Flokkur sem sótt er um viðkomandi styrk verður ákveðinn eftir samskipti við FIA.

### 2. Óhöpp í torfæru

Í ljósi óhappa sem urðu í torfæru í keppni á Akureyri var samþykkt að skoða sérstaklega hvort endurskoða þurfi brautarlagningu og reglur um öryggisbúr og öryggisbúnað í torfæru.

Til þessa mun AKÍS stofna vinnuhóp sem yrði samsettur af þar til bærum aðilum til að skoða málið og gera tillögur til úrbóta sé þess þörf.

### 3. Keppnisskírteini eða ekki?

Hafi lögreglustjóri gefið út heimild til aksturskeppni og/eða sýninga byggt á reglugerð um akstursíþróttir þurfa skráðir þátttakendur þá að hafa gilt keppnisskírteini?

Samþykkt að vísa þessari spurningu til formannafundar.

### 4. Hvaða atburðir eru leyfis skyldir skv. reglugerð 507/2007?

Formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna skjal sem gæti orðið hluti af vinnureglum lögreglustjóra. Skjalið skal lagt fyrir stjórn áður en það er notað utan stjórnar AKÍS. Við það skal miðað að skjalið verði innlegg í umræðu við Innanríkisráðuneytið um endurskoðun á reglugerð um akstursíþróttir sem til stendur að fara í á haust- og vetrarmánuðum.

### 5. Önnur mál

**a. Skráningarkerfi** - ÞA boðar Hangouts fund seinnipart næstu viku þar sem PB fer yfir nýtt skráningarkerfi

**b. Sjúkrabíll / bráðatæknir / læknir á keppnisstað** - mikils virði að þeir sem eru á keppnisstað hafi tiltölulega greiða leið að boðun sjúkrabifreiðar að svæðinu.